

## Námsvísar 2021-2022

**Fag:** Íslenska

**Kennarar:** Áslaug Inga og Hrefna Ósk

**Tímafjöldi á viku:** 6 kennslustundir

**Bekkur:** 2. bekkur

### Kennsluaðferðir og skipulag

Unnið er í teymi með 1. bekk flestar kennslustundir. Áhersla er lögð á frumþætti móðurmálsins, sem eru talað mál, hlustun, lestur og ritun. Leitast er við að auka orðaforða, efla málskilning og örva málnotkun eins og unnt er. Í grófum dráttum má skipta íslenskunáminu niður í fjóra flokka; talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Margt konar gæðatexti er lagður til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður í vinnu með stafi og hljóð, sem og vinnu með orðaforða, skilning og ritun af ýmsu tagi. Rætt er um málsgrein, stóran staf og punkt, unnið með samsett orð, andheiti og samheiti, sérnöfn og samnöfn, auk þess sögugerð, framsögn og upplestur. Áhersla er á að efla sjálfstæði nemenda í að lesa fyrir mæli og vinna eftir þeim.

**Námsmat:** Lesfimiþróf og hlustunarskilningsþróf eru lögð fyrir í september, janúar og maí. Leiðsagnarmat er yfir annirnar og íslenskupróf lagt fyrir í desember og maí.

### Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"><li>• geti átt umræður um mikilvægi heilbrigðis og velferðar. Notast er við þau tækifæri sem upp koma til þess að efla þá hugsun.</li><li>• getur tjáð hugsanir, skoðanir og tilfinningar sínar.</li><li>• áttar sig á styrkleikum sínum og áhugasviði.</li></ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• þekkir styrkleika sína og byggir upp góða sjálfsmynd.</li> </ul>
<b>Jafnrétti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• virðir jafnan rétt einstaklinga.</li> <li>• ræktar hæfileika á eigin forsendum.</li> <li>• getur rýnt í margskonar texta án fordóma.</li> <li>• áttar sig á mismunandi þjóðfélagshópum í samfélaginu sem þurfa að vinna saman á jafnréttisgrundvelli.</li> </ul>
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur valið sér viðfangsefni út frá áhugasviði og styrkleika.</li> <li>• ber virðingu fyrir manngildi hvers og eins.</li> <li>• tileinkar sér lýðræðisleg vinnubrögð.</li> </ul>
<b>Læsi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur lesið sér til gagns og gleði.</li> <li>• getur lesið fjölbreyttan texta og notað til þess mismunandi lestraraðferðir.</li> <li>• vinnur á fjölbreyttan hátt með læsi eins og t.d. menningarlæsi, umhverfislæsi og upplýsingalæsi.</li> <li>• skapar eigin merkingu og bregst á persónulegan og skapandi hátt við því sem hann les.</li> </ul>
<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notar íslensku á fjölbreyttan og skapandi hátt.</li> <li>• getur rökrætt um margvísleg álitamál og ágreiningsefni.</li> <li>• beitir gagnrýnni hugsun og getur sett sig í spor annarra.</li> <li>• tekur virkan þátt í skólastarfinu.</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtir ímyndunaraflið til að leika sér með ýmsa möguleika tungumálsins.</li> <li>• tjáir eigin skoðanir og tilfinningar á fjölbreyttan hátt.</li> </ul>

## Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið Nemandi getur:	Kennslu- / námsaðferðir	Mat
<b>Talað mál, hlustun og áhorf</b>	<p>Hljóðsögur.</p> <p>Orð og setningar 1 og 2.</p> <p>Vinnubókin mín. Íslenska fyrir 2. og 3. bekk.</p> <p>Litla Lesrún. Lesa-skilja-læra.</p> <p>Ritrún 1.</p> <p>Lestur og stafsetning.</p> <p>Skrift 2.</p> <p>Rúna jafnar leikinn og aðrar bækur í sama bókafllokki.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt skýrum og áheyrilegum framburði.</li> <li>• hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.</li> <li>• sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hefur verið hlustað á eða lesið.</li> <li>• átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Framsagnaæfingar þar sem nemendur segja frá eigin upplifun. Nemandur æfa sig í að hlusta á hina segja frá.</li> <li>• Hlustunaræfingar þar sem spurt er úr texta.</li> <li>• Upplestur úr bókum og námsefni þar sem umræður eru um erfið orð og spurt úr og rætt um texta.</li> <li>• Orð af orði; orð dagsins og krossglímur.</li> <li>• Einstaklings-, para- og hópavinna.</li> </ul>	<p>Leiðsagnarmat og símat.</p> <p>Lesfímipróf í september, janúar og maí.</p> <p>Hlustunarskilningspróf eru lögð fyrir þrisvar sinnum yfir veturinn.</p> <p>Íslenskupróf í desember og maí.</p>
<b>Lestur og bókmenntir</b>	<p>Kata og ormarnir, lestrar- og vinnubók og aðrar bækur í sama bókafllokki.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.</li> <li>• nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og geti ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestur með ýmsum hætti.</li> <li>• Lesið upphátt fyrir kennara, lestrarömmur eða stuðningsfulltrúa.</li> </ul>	

	<p>Lestrarbækur við hæfi hvers og eins.</p> <p>Orð af orði.</p> <p>Íslenskuforrit og spil.</p> <p>Skriftar og ritunarverkefni útbúin af kennara.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.</li> <li>• tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Yndislestur 2-5 sinnum í viku.</li> <li>• Orð af orði; orð dagsins; krossglímur og KVL.</li> <li>• Einstaklings-, para- og hópavinna.</li> </ul>	
<b>Ritun</b>	<p>Efni af vefsíðum , m.a. mms.is, skólavefnum, 123skóli, kennarinn, paxel1234, fjölbreyttkennsla.is, utfyrirbokina.is</p> <p>Verkefni í Seesaw.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.</li> <li>• skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.</li> <li>• samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.</li> <li>• áttað sig á skriftarátt og noti hástafi og lágstafi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sóknarskrift.</li> <li>• Nýta margmiðlun við vinnu í ritun.</li> <li>• Orð af orði; krossglímur og hugarkort.</li> <li>• Einstaklings-, para- og hópavinna.</li> </ul>	
<b>Málfræði</b>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.</li> <li>• leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.</li> <li>• greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Verkefni í málfræði unnin á fjölbreytilegan hátt.</li> <li>• Námsleikir og spil.</li> <li>• Hlutbundnar æfingar.</li> <li>• Unnið í hringekjum.</li> <li>• Orð af orði; orð dagsins.</li> <li>• Einstaklings-, para- og hópavinna.</li> </ul>	

		<ul style="list-style-type: none"><li>• þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.</li><li>• raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.</li></ul>		
--	--	---	--	--